

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Kjalarness

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um allt lögsagnarumdæmi Kjalarneshrepps í Kjósarsýslu, sem einnig er veitusvæði Hitaveitu Kjalarness.

2. gr.

Eignarhald og stjórn.

Hitaveita Kjalarness, hér eftir nefnd hitaveitan, er eign Kjalarneshrepps og skal starfrækt sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki undir yfirstjórn hreppsnefndar Kjalarneshrepps.

Hitaveitan skal hafa eigið reikningshald. Um fjárreiður, bókhald, endurskoðun o. þ. h., fer eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga, eins og þau eru á hverjum tíma.

Hreppsnefnd kys þrjá menn og varamenn þeirra í hitaveitustjórn til fjögurra ára, að loknum hreppsnefndarkosningum. Hitaveitustjórn fer með tiltekin málefni hitaveitunnar í umboði hreppsnefndar. Hreppsnefnd tilnefnir formann stjórnar og setur stjórninni erindisbréf.

Heimilt er hreppsnefnd, að fela byggingarnefnd að fara tímabundið með málefni 12. og/ eða 14. gr. reglugerðar þessarar.

Þegar þörf þykir á, að mati hreppsnendar, skal ráðinn sérstakur framkvæmdastjóri hitaveitunnar, en eigi til lengri tíma en eins árs í senn. Um starfssvið hitaveitustjóra skal getið í ráðningarsamningi. Ráði hreppsnefnd sveitarstjóra, verður framkvæmdastjórn hitaveitunnar hluti af starfi hans, nema hreppsnefnd þyki önnur skipan hagkvæmari.

3. gr.

Verkefni.

Verkefni Hitaveitu Kjalarness er að sjá um gerð og rekstur hitaveitu fyrir Kjalarneshrepp, eftir því sem hagkvæmt er og hreppsnefnd samþykkir.

Í þessu skyni skal hitaveitan:

- Leita eftir samningum um kaup á varma, þ. e. heitu vatni eða gufu, frá veitufyrirtækjum höfuðborgarsvæðisins eða öðrum aðilum.
- Falast eftir samningum um borunar- og virkjunarrétt; og láta bora eftir varma þegar hagkvæmt þykir.
- Leggja veitukerfi hitaveitu og annast sölu á varma til notenda.
- Reisa og reka önnur mannvirki fyrir hitaveitu, sem nauðsynleg eru og hagkvæm á hverjum tíma, þ. á m. dælustöðvar, vatnsgeyma, varmaskipta, kyndistöðvar og áhaldahús.

4. gr.

Einkaleyfi.

Hitaveita Kjalarness hefir einkaleyfi á dreifingu og sölu á varma innan veitusvæðisins, sbr. 1. gr. Þá er flutningur á varma út fyrir veitusvæðið háður leyfi hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur heimilað einstaklingum og félögum að annast fjarhitun á tilteknum svæðum. Ennfremur getur hreppsnefnd leyft eigendum jarðhitaréttinda, að nýta varma úr eigin borholum til afmarkaðra nota í atvinnuskyni. Í framangreindum tilvikum, skulu samningar gerðir áður en framkvæmdir hefjast, svo sem við borun eftir jarðvarma. Öll gerð og rekstur fjarvarmaveitna á veitusvæði hitaveitunnar er undir yfirstjórn hreppsnefndar.

Hreppsnefnd hefir heimild til þess, að semja um samruna hitaveitunnar við annað veitufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu, eða að framselja réttindi og skyldur hitaveitunnar til annars veitufyrirtækis, ef slík ráðstöfun er talin heppileg og hagkvæm, að mati hreppsnefndar.

5. gr.

Kvöð um tengingu.

Skylt er eiganda húseignar á veitusvæði hitaveitunnar, að láta tengja hitunarkerfi hússins og/eða lagnir fyrir heitt kranavatn við dreifikerfi veitunnar.

Pegar sérstakir tækni- eða kostnaðarlegir annmarkar þykja á tengingu húss, t. d. sakir fjarlægðar frá veitulögnum, eða hús fullnægir ekki þeim skilyrðum sem sett eru í skipulagssamþykktum, byggingarsamþykktum eða reglugerðum, þá getur hreppsnefnd ákveðið, að húsið skuli ekki tengt hitaveitu.

Um tengingu hitaveitu við sumarbústaði eða önnur slík hús, sem notuð eru árstíðabundið, svo sem hús lögbýlisjarða sem ekki eru í ábúð, fer eftir samþykkt hreppsnefndar í hverju tilviki. Við tengingar á slíkum húsum, skulu í samningi vera kvaðir um sérstaka eftirlitsskyldu húseiganda á varmalögnum hússins, og tafarlausan aðgang starfsmanna hitaveitunnar til eftirlits, viðhalds búnaðar, aflestrar mæla o. þ. h.

6. gr.

Lagnir veitukerfis, eignarréttur og viðhaldsskylda.

Hitaveitan á og lætur leggja allar utanhússlagnir, aðveituæðar, stofnæðar, dreifiæðar og heimæðar, ásamt þeim innanhússlögnum, sem liggja að mæla- eða hemlagrindum, svo og grindurnar sjálfar með tilheyrandi búnaði, sbr. þó 2. mgr. 4. gr.

Hitaveitan hefir viðhaldsskyldu á þeim veitulögnum og búnaði, sem um getur í 1. mgr.

Húseigandi annast og kostar tengingu hitunarkerfis og lagna fyrir heitt kranavatn húss við tengibúnað hitaveitunnar, svo og nauðsynlegar breytingar á innanhússlögnum vegna tengingarinnar.

Húseigandi skal sjá fyrir inntaksstað hitaveitu við útvegg kjallara, eða 1. hæðar ef hús er kjallaralaust, ásamt nauðsynlegu rými fyrir mæla- eða hemlagrind og annan búnað. Ef inntak og grind eru ekki í sama herbergi, skal tengilögn þar á milli vera óhulin.

Niðurfall skal vera í gólfi þar sem mæla- eða hemlagrind er staðsett. Innanhússlögn að grind og grindin sjálf, skulu ætíð vera aðgengileg starfsmönnum hitaveitunnar.

Heimilt er hreppsnefnd, að setja nánari ákvæði um lögn heimæða í byggingarskilmála, þar sem um nýja byggð eða stakar nýbyggingar er að ræða.

7. gr.

Afnot varmaorku.

Varmi sá, sem hitaveitan lætur í té, er ætlaður til upphitunar húsa og almennra heimilisnota.

Óheimilt er með öllu, að tengja annað en neysluvatnslögn fyrir heitt kranavatn við greiningu þá á mæla- eða hemlagrind, sem til þess er ætluð.

Hitastig notaðs vatns (afrennslis) frá hitunarkerfum húsa, skal ekki fara yfir 40 gráður á Celsíus. Hreppsnefnd getur ákveðið að lækka hitastig þetta um allt að 10 gráður á Celsíus.

Komi fram ósk um að nota varma til annarra þarfa en segir í 1. mgr., þarf til þess skriflegt leyfi hreppsnefndar, sem hún getur bundið nánari skilyrðum og fyrirmælum hverju sinni.

8. gr.

Afrennslisli.

Hitaveitunni er heimilt án endurgjalds, að nota aftur vatn sem runnið hefir um hitunarkerfi húss eða varmaskipti, svo og þéttivatn ef um jarðgufuveitu er að ræða.

Óski hitaveitan ekki eftir því, að nota slíkt afrennslis- eða þéttivatn, getur hreppsnefnd heimilað notkun þess til upphitunar heimilisgróðurhúsa, matjurtagarða, sundlauga, bílastæða, gangstíga o. s. frv., og skal þá frágangur slíkra lagna vera samkvæmt fyrirmælum í reglugerð um hitalagnir.

Hreppsnefnd getur afturkallað framangreind leyfi, ef talið er að hitaveitan þurfi á vatninu að halda.

9. gr.

Ábyrgð og skyldur hitaveitunnar.

Hitaveitunni er skylt að haga starfsemi sinni þannig, að sem best verði tryggður eðlilegur og truflanalaus rekstur, eftir því sem aðstæður leyfa. Stöðvun á rekstri veitunnar, eða hluta hennar, vegna viðhalds eða tenginga, skal tilkynna fyrirfram ef unnt er, og koma á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem verða má.

Hitaveitan er ekki skuldbundin húseiganda eða notanda til þess að tryggja, að þrýstingur í varmalögnum sé ávallt nægilegur, og ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum sem verða á veitunni vegna frosta, rafmagnstruflana, eða annarra óviðráðanlegra atvika. Sama gildir ef rennsli í varmaæð er stöðvað um stundarsakir vegna viðgerða eða annarra nauðsynlegra framkvæmda veitunnar.

Hitaveitan verður ekki sótt til ábyrgðar vegna mögulegrar tæringar á varmalögnum og búnaði. Þá er hitaveitan ekki bótaskyld þótt tjón verði á mönnum, munum eða eignum af heitu vatni eða gufu frá varmalögnum innanhúss eða lögnum sem getið er í 8. gr., jafnvel þótt lagnirnar hafi staðist þrýstiprófun hitaveitunnar, og er sú prófun þá gerð á ábyrgð húseiganda.

Húseiganda er skylt að hlíta þeim reglum og fyrirmælum, sem hitaveitan setur um gerð og búnað hitunarkerfis og neysluvatnslagna húss.

Húseigandi og notandi bera ábyrgð á þeim lögnum og búnaði innanhúss, sem er í eigu og umsjá hitaveitunnar. Notanda ber að tilkynna tafarlaust til hitaveitunnar, er vart verður bilunar á nefndum lögnum eða búnaði, og skal hann hlíta fyrirmælum um viðgerð á bilunum og gera ráðstafanir til varnar misnotkun á varmanum.

Verði lagnir eða búnaður fyrir óvenjulegu hnjaski eða skemmdum, þ. m. t. af völdum frosta, er heimilt að skylda notanda til að greiða kostnað við viðgerð eða endurnýjun.

10. gr.

Tenging við hitaveitu.

Húseigandi skal sækja um tengingu húss síns við veituna á sérstök eyðublöð, sem hitaveitan lætur í té.

Hafi heimæð og/eða inntak í hús ekki verið lagt, skal hitaveitan, eftir því sem kostur er, láta vinna verkið, enda hafi umsóknin verið samþykkt.

Hitaveitunni er ekki skylt að leggja heimæðar eða inntök í hús meðan jörð er frosin. Þá geta verk þessi dregist sakir örðugleika á útvegum efnis, leigu á vinnuvélum o. þ. h.

11. gr.

Uppdrættir.

Uppdrættir varmalagna skulu gerðir í samræmi við lög og reglur um byggingarmál. Samþykktir og áritaðir uppdrættir skulu ávallt liggja fyrir, áður en bygging húss er hafin. Eitt eintak áritaðra uppdrátta skal jafnan vera á vinnustað.

Sé ástæða talin til, getur hitaveitan krafist þess, að útreikningar verði lagðir fram.

Ef uppdrættir eru ekki til af gömlum varmalögnum sem tengja á við veituna, eða breyta, getur hitaveitan krafist þess að þeir séu gerðir eftir því sem nauðsynlegt er, og ber húseigandi kostnað af því.

Með samþykkt og áritun uppdrátta, tekur hitaveitan enga ábyrgð á því, að unnt sé að framkvæma viðkomandi verk, eða kerfi sé rétt útreiknað.

Varðveita skal eitt eintak samþykktra og áritaðra uppdrátta í skjalasafni hreppsins.

12. gr.

Löggilding meistara.

Hreppsnefnd veitir pípulagningameisturum löggildingu til þess að starfa við varmalagnir á veitusvæði hitaveitunnar.

Engir aðrir en þeir, sem löggildingu hafa hlotið, mega taka að sér nýlagnir eða breytingar á varmalögnum, sem tengjast eiga dreifikerfi hitaveitunnar.

Hreppsnefnd getur áskilið, að þeir einir megi annast suðuvinnu á pípum samkvæmt reglugerð þessari, er staðist hafa sérstakt hæfnispróf í logsuðu og/eða rafsðu.

Þeir, sem annast varmalagnir, þ. e. hitalagnir og lagnir fyrir heitt neysluvatn og lagnir sbr. 4. mgr. 7. gr., bera ábyrgð á að allar lagnir séu í samræmi við reglugerð þessa, samþykktu uppdrætti, svo og nánari fyrirmæli er sett kunna að verða.

Ef skipt er um meistara meðan á verki stendur, skal það tilkynnt hreppsnefnd skriflega, og lætur hún þá fara fram úttekt á þeim hluta verksins sem lokið er. Óheimilt er að halda áfram framkvæmdum, fyrr en annar meistari hefir tekið við verkinu.

Brjótí pípulagningameistari í bága við fyrirmæli reglugerðar þessarar eða aðrar reglur, sem honum ber að hlíta í starfi sínu, getur hreppsnefnd samþykkt að hann fái ekki að annast tengingu, ef um miklar sakir er að ræða eða ítrekað brot.

13. gr.

Eftirlit.

Eftirlitsmaður hitaveitunnar skal hafa eftirlit með því að nýlagnir, breytingar á eldri lögnum og tenging húskerfa við hitaveitu sé í samræmi við reglugerð þessa, samþykktu uppdrætti, lög og reglur er gilda um byggingarmál.

Pípulagningameistari skal annast þrýstiprófun varmalagna og reynslukyndingu, og vera viðstaddur þegar varma er hleypt á hitakerfi. Skal hann ganga úr skugga um, að kerfið hitni jafnt og eðlilega, með mælingum á frárennslishtastigi allra ofna og hitatækja og nauðsynlegum stillingum. Einnig skal hann tryggja að stjórnþæki starfi eðlilega.

Áliti eftirlitsmaður að verk sé eigi framkvæmt samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, eða öðrum reglum sem settar kunna að verða, getur hann stöðvað verkið, þar til bætt hefir verið úr því, sem áfátt kann að vera.

Eftirlitsmaður hitaveitunnar skal jafnan hafa frjálsan aðgang að varmalögnum bæði innanhúss og utan, án tillits til þess hvort veitan hefir verið tengd eða ekki. Húseiganda og notanda er skylt að láta honum í té allar þær upplýsingar er máli geta skipt um varmalagnir húss. Þá er húseiganda og notanda einnig skylt að hlíta fyrirmælum eftirlitsmanns varðandi varmalagnir sbr. 10. gr.

Vanræki aðili að vinna verk, sem Hitaveitan hefir fyrirskipað samkvæmt reglugerð þessari, eða verk er ekki unnið á viðunandi hátt, er hitaveitunni heimilt að láta vinna það sem þörf krefur á kostnað viðkomandi. Skal þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr sjóði hitaveitunnar, en innheimta síðan hjá húseiganda með lögtaki, ef þörf krefur.

14. gr.

Tækjabúnaður.

Á öllum varmakerfum tengdum hitaveitu skulu vera þrýstímælar, öryggisloki eða öryggisbúnaður samkvæmt fyrirbætur hitaveitunnar.

Á hitakerfum tengdum einföldu dreifikerfi hitaveitu, skal nota sjálfvirkan afrennslisloka, sem heldur hæfilegum þrýstingi á hitakerfum samkvæmt fyrirbætur hitaveitunnar.

Óheimilt er að tengja dælur, varmaskipta eða neysluvatnshitara við heimæðar eða lagnir innanhúss, nema skrifleg heimild hitaveitunnar sé fyrir hendi, og skal þá frágangur tækjanna vera samkvæmt fyrirbætur hitaveitunnar.

15. gr.

Mælar og hemlar.

Hitaveitan ákveður gerð og stærð mæla sem nota skal, og lætur setja þá á inntakspípur húsa, sem tengd eru kerfi veitunnar og innsigla þá. Mælar þessir eru í eigu og umsjá hitaveitunnar.

Ef maður rýfur innsigli mælis eða breytir rennsli um hann, varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Notandi mælis er sá, sem skráður er fyrir varmanotkun þess hitakerfis, sem mælirinn er fyrir. Uppsögn eða flutning skal tilkynna hitaveitunni með hálf mánaðar fyrirvara.

Ef notandi óskar að mælir sé leiðréttur, skal hann senda skriflega beiðni til hitaveitunnar. Ef þá kemur í ljós við athugun mælis, að mesta skekkja sé 5% eða minni, er heimilt að gera notanda að greiða kostnað við prófunina. Sé skekkjan meiri skal hitaveitan bera kostnað við prófunina og leiðréttan reikning notanda í samræmi við niðurstöður hennar, þó ekki fyrir lengra tímabil en tvo mánuði, nema notandi geti sannað að um lengra tímabil hafi verið að ræða.

Öll þau sömu ákvæði og hér eru talin um mæla, skulu gilda jafnt um hemla, ef varmi er seldur samkvæmt hemiltaxta.

16. gr.

Gjaldskrá.

Til þess að standa straum af kostnaði við hitaveituna innheimtir hún hitaveitugjöld, svo sem varmagjöld og stofngjöld samkvæmt nánari ákvæðum í gjaldskrá.

Gjaldskrá hitaveitunnar miðast við, að svipaður hitunarkostnaður verði á öllu veitusvæðinu.

Heimilt er að áætla varmanotkun notenda og innheimta reglulega samkvæmt slíkri áætlun, enda fari fram uppgjör á staðreyndri notkun samkvæmt álestrum eigi sjaldnar en einu sinni á hverjum tólf mánuðum. Reikningur fyrir áætlaða notkun telst fullgildur reikningur á sama hátt og uppgjörreikningur, enda getur notandi jafnan krafist aukaálesturs og uppgjör, miðað við staðreynda notkun, gegn aukagjaldi samkvæmt gjaldskrá. Við verðbreytingar á varma, skal áætla notkun samkvæmt eldri og nýrri gjaldskrá og skal skiptingin sýnd á næsta orkureikningi.

Gjaldldagi hitaveitugjalda er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð, og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil, ef gjöldin eru eigi greidd innan 10 daga frá gjaldldaga. Hitaveitan hefir rétt til að loka aðrennsli varmans að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld.

Sá sem vanskilum veldur, greiðir allan kostnað af lokun og enduropnun, samkvæmt gjaldskrá hverju sinni.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

17. gr.

Refsiákvæði.

Verði uppvíst að varmi hafi verið notaður á annan hátt en um er samið, raskað hafi verið mælitækjum eða breytt tengingu þannig, að ekki komi fram öll notkun, skal hitaveitan áætla þann varma sem notaður hefur verið óleyfilega og skal notandi greiða fyrir hann eftir gjaldskrá þann tíma sem liðinn er frá síðasta aflestri, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Ef ekki liggja fyrir sérstakar upplýsingar um líklega notkun, má miða við hámarksrennsli það, er runnið getur til kerfisins um hemil.

Við endurtekið brot, skal rjúfa samband við veituna og gera ráðstafanir til þess að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefur gerst.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál af brotum skal fara að hætti opinberra mála.

18. gr.

Staðfesting og gildistaka.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Kjalarneshrepps þann 29. september 1981, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 29. júní 1984.

Sverrir Hermannsson.

Páll Flygenring.

4. júlí 1984

Nr. 325

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 7. júní 1984 staðfest breytingu á áður staðfestu aðalskipulagi Reykjavíkur að því er varðar landnotkun og nýtingarhlutföll á spildunni vestan Snorrabrautar, norðan Hverfisgötu, austan Ingólfsstrætis og sunnan Skúlagötu með þeim fyrirvara að gengið verði frá deiliskipulagi þessa svæðis samkvæmt 17. og 18. gr. skipulagslaga áður en einstakar byggingar verði leyfðar.

Framangreind breyting sem hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir var samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 5. september 1963 og Skipulagsstjórn ríkisins 29. febrúar 1984 með fyrirvara um staðfestingu deiliskipulags af spildunni. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing nr. 280 frá 12. júní 1984.

Félagsmálaráðuneytið, 4. júlí 1984.

F. h r.

Hallgrímur Dalberg

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.